

18. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 23. ágúst 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Guðfinna D. Arnórsdóttir, Vignir Sveinsson, Alda Pálsdóttir og Erla Friðriksdóttir.

Ríkharður setti fund kl. 17:03 og bauð Erlu, nýráðinn bæjarstjóra, velkomna.

1. Yfirlit forstöðumanna.

Íþróttamiðstöð

Sparkvöllurinn er kominn í gagnið. Mikill munur að fá þennan völl þar sem ágangur á aðalvöllinn hefur minnkað. Völlurinn hefur þó þann ókost að litlar gúmmíkúlur berast mikið inn í húsið sem leiðir til aukinna þrifa.

Rafn Rafnsson sá um íþróttavöllinn í sumar og gerði það mjög vel. Vignir ætlar að ræða við Rafn um hvernig þetta gekk.

Sex nýjar hliðarkörfur eru komnar í salinn, allar hengdar upp sem þýðir betri nýting á salnum.

Á næstu dögum verður farið í að setja niður stundatöflu hússins.

X-ið

X-ið var mikið lokað á meðan á æfingum og sýningum á Litlu hryllingsbúðinni stóð. Þarf að endurskoða þetta samstarf þar sem ekki ert gott að loka húsinu alveg. Krakkarnir skiluðu sér illa þegar opnað var. Síðasta opnun var 13. maí.

Húsið ekki mjög hreint þegar þær tóku við nu í haust. Það þarf einhver einstaklingur að sjá um húsið.

Í vetur verður opið á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og á föstudögum 1 sinni í mánuði. Lokað á fimmtudögum. Þegar Idolið byrjar verður opið alla föstudaga. Lokað verður um mánaðarmótin apríl/maí. Opnað verður 12. september, fram að því verður húsinu komið í stand.

2. Umsögn um staðsetningu á ljósaskilti með veðurupplýsingum.

Nefndin sér ekkert því til fyrirstöðu að þetta skilti verði sett upp innan girðingar íþróttavallar.

3. Önnur mál.

3.1. Vignir ræddi um að aðgengi fatlaðra er ekki nógu gott að íþróttahúsi. Nefndarmenn sammála um að þetta verði leyst. Vignir mun skoða þetta í samvinnu við bæjarstjóra.

3.2. Inga Dalla og Guffý ætla að athuga með sjálfsala í X-ið (kók+sælgæti).

- 3.3. Athuga verður með net í kringum sparkvöllinn.
- 3.4. Æfingahúsnæði vantar fyrir hljómsveitir – hafið eyrun opin.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.),
Alda Pálsdóttir (sign.),
Dallilja I. Steinarsdóttir (sign.),
Vignir Sveinsson (sign.).